

## Fundur í skólaráði Ártúnsskóla

**Mættir:** Ellen Gísladóttir skólastjóri, Guðrún Bára Gunnarsdóttir fulltrúi stjórnenda, Hanna Sóley Helgadóttir fulltrúi frístundar, Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir fulltrúi leikskólans, Pétur Hlíðar Hauksson fulltrúi nemenda, Brynja Kristín Guðbrandsdóttir fulltrúi nemenda, Páll Friðbertsson fulltrúi foreldra, Helga Snjólfisdóttir fulltrúi foreldra, Guðrún Ásgeirsdóttir fulltrúi foreldra, Bárður Steinn Jóhannesson fulltrúi starfsmanna.

Fyrsti fundur skólaráðs á nýju almanaksári og fyrsti fundurinn með nýjum skólastjórnendum. Ellen útskýrði að þessar breytingar innan húss hefðu falið í sér miklar hrókeringar á kennslu.

### Framkvæmdir á húsnaði og lóð

Staðan á framkvæmdum við skólann. Ellen og Hanna fóru á fund í lok janúar um framhald á framkvæmdum á skólalóðinni. Í þessum áfanga verður unnið að svæðinu í kringum íþróttahúsið, frá bílastæði og að malbikaða svæðinu sunnan við. Framkvæmdir hefjast í lok maí og þeim á að vera lokið í lok ágúst. Ellen og Hanna komu með tillögur um að laga þarf líka aðkomu nemenda frá gangbrautinni og meðfram bílastæðinu.

Framkvæmdir á húsinu eru í pásu eins og er en það þarf að halda áfram með 1. áfanga og taka loftið í gegn þar líka. Ellen og Bárður húsörður vinna að því að koma framkvæmdum af stað aftur í vor.

### Fjárhagsstaða skólans

Fjárhagsstaða skólans er ekki góð. Fjármálaráðgjafi skólans er inni í málunum. Tökum með okkur 2% halla af fjárhagsáætlun ársins yfir á nýtt ár.

### Viðmið um skólasókn

Ellen kynnti ný viðmið frá Skóla- og frístundasviði varðandi ástundun hjá borginni. Við munum vinna eftir þessum viðmiðum frá og með næsta skólaári. Vinnum núna eftir okkar viðmiðum. Mætingar sendar út af skrifstofunni mánaðarlega.

### Nýtt námsmat

Ellen kynnti nýtt námsmats fyrirkomulag. Tókum upp um áramót A,B,C,D. Notum það bæði í umsagnabókunum og námsmati námgreina.

- A- framúrskarandi
- B- hæfni náð
- C- þarfnast þjálfunar
- D- hæfni ekki náð

Þetta verður metið og endurskoðað í vor.

### Skóladagatal næsta skólaárs

Ellen kynnti drög skóladagatals næsta árs og fór yfir það með hópnum. Skóladagatalið verður afgreitt á næsta fundi skólaráðs.



### **Sumarlokun leikskólans**

Tillaga frá Hólmsfríði að hafa lokað frá 8. júlí – 5. ágúst 2020. E.t.v. verða opnir 2 leikskólar í borginni á þessum tíma fyrir foreldra. Leikskólanemendur þurfa að fara í samfelldar 4 vikur í fríi yfir sumarið. Skólaráð samþykkti þessar dagsetningar.

### **Verkfall Eflingarstarfsmanna**

Verkfall Eflingar hefst á hádegi í dag og stendur til miðnættis á fimmtudag. Það var líka í síðustu viku og útlit er fyrir framhald á verkfalli. Það eru 9 starfsmenn leikskólans í Eflingu sem verkfallið nær til og því er mikið um lokanir á deildum hjá okkur.

Fundinn ritaði

Guðrún Bára Gunnarsdóttir